



Kiwaniis®

Byggjum á því sem vel er gert / Let us build on what has been well done

Auðkennisverkefnasamkeppni Kiwanis International 2019-2020

Kiwanis International hefur undanfarin 3 ár staðið fyrir þessari samkeppni. Hvert umdæmi tilnefnir verkefni eins klúbbs í sínu umdæmi sem uppfyllir skilyrði til að geta talist „auðkennisverkefni“.

Undanfarin tvö ár hefur Kiwanisumdæmið Ísland-Færeyjar tekið þátt og til stendur að gera það einnig á þessu starfsári. Til að umdæmisstjórn geti tekið ákvörðun um tilnefningu þarf hún upplýsingar frá klúbbum um þau verkefni sem gætu verið gjaldgeng. Kynning á samkeppninni verður send forsetum og riturum klúbba en einnig er treyst á það að svæðisstjórar hvetji klúbba í sínu svæði til að senda upplýsingar um verkefni til umdæmisritara.

Tilkynningin frá Kiwanis International

Auðkennisverkefni eru lýsandi fyrir áhrifin sem Kiwanisklúbbur getur haft á samfélagið. Frá leikskólaverkefnum til hátíða og fjáraflana eru auðkennisverkefni það sem Kiwanisklúbbar eru helst þekktir fyrir í sínu nærumhverfi.

Kiwanis International stendur nú fyrir fjórðu árlegu Auðkennisverkefnasamkeppninni fyrir umdæmi. Í þetta sinn er sú nýjung að keppt er í tveimur hópum. Klúbbar með 28 eða fleiri félagar eru í hópi 1 en klúbbar með 27 eða færri félagar í hópi 2. Í hvorum hóp verða 10 klúbbar valdir í lokahóp. Efstu þremur í hvorum hóp verða svo veitt gull, silfur og brons viðurkenningar á heimsráðstefnu Kiwanis 2020.

Nefnd á vegum heimsstjórnar fer yfir tilnefningar umdæma og velur lokahópa og sigurvegara. Þeir klúbbar sem verða í lokahópnum verða látnir vita tímanlega svo þeir geti nýtt sér afslátt af þinggjöldum með því að skrá sig snemma á heimsþing.

Hvað er auðkennisverkefni

Hvað er Kiwanisklúbburinn þinn þekktur fyrir? Það getur verið þjónustuverkefni eða fjáröflun. Auðkennisverkefni ættu að :

- vera endurtekin. (Ath: Nýtt verkefni getur talist vera auðkennisverkefni ef ætlunin er að halda því áfram þannig að það verði reglulegt)
- stuðla að því að bæta ímynd Kiwanis.
- hafa umtalsverð áhrif á samfélagið. Áhrifin ættu að vera mælanleg, t.d. með upphæð sem safnað er eða fjölda barna sem njóta þjónustu.
- stuðla að fjölgun félaga og bættum tengslum við fyrirtæki og önnur félagasamtök.

Umdæmum er í sjálfs vald sett hvernig þau velja klúbb til að tilnefna en verkefni ættu þó að uppfylla ofangreind skilyrði.

Þegar umdæmisstjórn hefur ákveðið hvaða verkefni á að tilnefna þarf umdæmisritari að fylla út sérstök tilnefningarform á vef Kiwanis International. Opnað verður fyrir skráningu sunnudaginn 15. desember 2019. Skilafrestur er til mánudags 27. janúar 2020.



Umdæmið Ísland – Færeyjar

Bíldshöfða 12, 110 Reykjavík
Netfang:kiwanis@kiwanis.is <http://kiwanis.is/>